

LANDPÓSTURINN

1.tbl. 7.árg. janúar 1995 • Fréttabréf Félags landfræðinga
Pósthólf 5391 • 125 Reykjavík • ábm.: Kristinn Einarsson

Vetrarrabb

Félags landfræðinga verður haldið fimmtudaginn 12. janúar 1995 kl. 18 á Kaffi Reykjavík. Rætt verður um það sem framundan er í félagsstarfinu og hvað hægt sé að gera til að hafa það bæði öflugra og fjölbreyttara.

Ráðstefna og árshátíð Félags landfræðinga 1995

Athugið breyttan tíma, föstudaginn 17. febrúar, 2 vikum seinna en áður var auglýst, en ráðstefnunni var seinkað til að hliðra til fyrir annarri ráðstefnu um svipað efni (sem fremur hefur *græjurnar* í fókus) á vegum ArcIS félagsins. En nú getum við svipt hulunni af öllum at-riðum í sambandi við bæði ráðstefnu og árshátíð:

**Landfræðileg upplýsingakerfi og annar hugbúnaður
og áhrif þeirra á vinnubrögð landfræðinga**

- rannsóknarefnið í fókus -

**föstudaginn 17. febrúar 1995 kl. 10.00-15.30
á Kornhlöðuloftinu, Bankastræti 2**

Aðgangur að ráðstefnu er kr 1000 (kr 750 fyrir nema), léttur hádegisverður innifalinn.

Dagskrá:

- kl. 10.00 Ráðstefnan sett.
- kl. 10.05 Ágúst Gunnar Gylfason : *Hvað eru landfræðileg upplýsingakerfi ?*
- kl. 10.35 Kristinn Einarsson : *Gagnasöfnun fyrir landfræðileg upplýsingakerfi.*
- kl. 11.05 Elfn Fjöla Þórarinsdóttir : *Kortlagning jarðvegseyðingar.*
- kl. 11.35 Guðrún Gísladóttir : *Uppskera gróðurlenda.*
- kl. 12.05 Léttur hádegisverður

- kl. 13.00 Daði Björnsson : *Notkun LUK-hugbúnaðar við úttekt náttúrulegra birkiskóglenda.*
- kl. 13.30 Jörgen Þormóðsson : *Notkun landupplýsingakerfa hjá Reykjavíkurborg.*
- kl. 14.00 Guðmundur Guðjónsson : *Gervigreind í landafræði, hvað er það ?*
- kl. 14.30 Árni Þór Vésteinsson : *LÍSA og "Njörður", hugmynd að sambandi. (Landfræðileg upplýsingakerfi á láði og legi.)*
- kl. 15.00 Þorbjörg Kr. Kjartansdóttir : *Hvað er LÍSA ?*
- kl. 15.10 Emil Bóasson : *Samantekt í ráðstefnulok.*
- kl. 15.20 Ráðstefnuslit.

Ráðstefnustjórar: Guðrún Halla Gunnarsdóttir og Guðrún Ólafsdóttir.

Árshátíð verður haldin að kvöldi föstudagsins 17. febrúar kl. 19.00 ! í Kaffileikhúsinu Hlaðvarpanum á Vesturgötu 3, (staðurinn er kynntur í síðasta tölublaði Húss og hýbýla).

Kvöldverður úr eldhúsi Steinunnar Bergsteinsdóttur, og stutt leiksýning hefst kl. 21.00, svo rétt er að mæta stundvíslega í matinn!

Verð á árshátíð kr. 1.600 á mann, sem innifelur kvöldverð og leiksýningu. Ódýrar vínveitingar á staðnum (t.d. algengt rauðvín á kr. 1500 flaskan, og bjórinn á 300 lítill og 400 kr. stór).

Skráning á ráðstefnu og árshátíð fyrir 3. febrúar 1995 hjá :
 Guðrúnu Höllu Gunnarsdóttur í síma 91-624100 / bréfsíma 91-624165
 Guðrúnu Ólafsdóttur í síma 91-694484 / bréfsíma 91-694499
 eða

Önnu Dóru Sæþórsdóttur (á kvöldin) í síma 91-644161

Munið að skrá ykkur!

Nordisk Geografiseminar

verður haldið í Hjörning á norður Jótlandi í Danmörku 3.-8. júlí 1995. Þátttökugjald er 2.300 DKK og skal greiða af því 500 DKK í innritun-argjald fyrir 15. mars 1995. Nánari upplýsinga veitir:

Guðrún Halla Gunnarsdóttir

Sími: 91-624100, fax: 91-624165

EGEA

Borist hefur tilkynning frá EGEA (European Geography Association for Students and Young Geographers) um þriðja norræna fund samtakanna í Joensuu í Finnlandi 6.-9. apríl 1995. Síðustu forvöð að skrá sig eru 20. janúar 1995. Nánari upplýsingar veitir Guðrún Ólafsdóttir, sími 569 4484, fax 569 4499.

Græðum landið

Árbók Landgræðslunnar, sem nú er komin út í fimmta sinn, er að vissu leyti helguð hinum nýju viðhorfum í skipulagi árangursríks starfs. Fjallað er um landgræðslustarfið, stefnumótun í landgræðslu og gróðurvernd og vaxandi ógn sem stafar af jarðvegseyðingu í heiminum. Þá er einnig settur fram ýmis fróðleikur um leiðir til að vernda og bæta land og greint frá ötulu starfi bænda og annarra áhugasamra landverndarmanna.

Bókin kostar kr. 1.980 og fæst hjá Landgræðslu ríkisins að Gunnars-holti og á skrifstofunni að Laugavegi 120, Reykjavík. Símar: 98-75500 og 91-29711, fax 98-75510.